

MENNING/LISTIR

NÆSTU VIKU

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir Kjarval – mótunar-
ár 1885-1930. Sýn. Einskonar
hversdagsleg rómantik og sýn. Ein-
ars Sveinss. arkitekts.
Önnur hæð A. Charlton út des.
Gallerí Sólun Íslandus Myndaröð
eftir Sölva Helgason.
Gallerí Sævars Karls Þór Elís
Pálsson sýnir.
Gerðuberg VerGangur til 8. jan.
Hafnarborg Finnisk og ísl. silfur-
smíði til 23. des.
Ingólfsstræti 8 Ásgerður Búadóttir
sýnir til 22. des.
Gallerí Stöðlakot Messiana Tómas-
adóttir sýnir til 17. des.
Nýlistasafnið „Viðhorf“ góðar
stelpur/slæmar konur sýna til 17.
des.
Gallerí Birgir Gunnar M. Andrés-
son sýnir til 15. jan.
Gallerí Geysir Ásdís Sif og Sara
María sýna til 7. jan.
Gallerí Fold Jólasyning og í kyn-
ingarhorni Shen Ji til 7. jan.
Gerðarsafn Ljósmynd. sýn. Ragnars
Th. til 17. des.
Norræna húsið Rut Rebekka sýn-
ir.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Sýning á völdum andlitsmyndum
eftir Sigurjón Ólafsson stendur í
allan vetur.
Listhúsið, Laugardal Eva Ben-
jamínadóttir sýnir til áramóta, kert-
astjakasýning og Pia Rachel Sver-
risd. fram að jöllum.
Listhús 39 Samsýn. „Englar og
eróttik“ til 31. des.
Mokka Sýningin „Stríð“.

TÓNLIST

Laugardagur 16. desember
Jólatónl. Ísl. Suzukisambandsins í
Fella- og Hólakirkju kl. 11. f.h.
Strengjasveitatonleikar Tónlsk.
Reykjav. í Bústaðakirkju kl. 17.
Tónl. Kórs Langholtskirkju í kirkju-
inni kl. 23. Jólatónl. Tónlistarsk.
Njarðvíkur í Ytri-Njarðvírkirkju
kl. 17. Jólatónl. Kársneskóranna í
Digranesirkirkju kl. 17. Barnakór
Bústaðakirkju á Sólun Íslandusi
kl. 14. Styrktarfélagstónl. Íslensku
óperunnar kl. 20. Þjólskyldutónl.
Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Há-
skólabíói kl. 14.30.
Sunnudagur 17. desember
Jólasöngvar í Dómkirkjunni;
Barnakór Vesturbæjarsk. og Dóm-
kórinn kl. 21. Kammersveit
Reykjav. í Áskirkju kl. 17. Tónl.
Kórs Langholtskirkju í kirkjunni
kl. 20. Jólatónl. Kórs Tónlsk. Njarð-
víkur í Ytri-Njarðvírkirkju kl. 15.
Skólalúðrasveitir í Ráðhúsi Reykja-
víkur kl. 14.30.
Mánudagur 18. desember
Camerarctica í Fella- og Hólakirkju
kl. 21. Jólatónl. Tónlistarsk. Kópav-
ogs í Kópavogskirkju kl. 20.30.
Þriðjudagur 19. desember
Jólabarokktónleikar í Listasafni
Kóp. kl. 20.30. Jólatónl. Tónlist-
arsk. Rangæinga í Grunnsk. Hellu
kl. 21. Camerarctica í Hafnarfjarð-
arkirkju kl. 21. Jazztrío Sigurðar
Flosasonar og Gunnars Gunnars-
sonar á Sólun Íslandus kl. 22. Tón-
leikaröð Leikfélags Reykjavíkur. á
Stóra sviðinu kl. 20.30; Páll Óskar
og Kósý.
Miðvikudagur 20. desember
Jólatón. Tónlistarsk. Rangæinga á
Heimalandi kl. 21. Camerarctica í
Kópavogskirkju kl. 21. Jazztrío
Ólafs Steph. á Sólun Íslandus kl.
19.
Fimmtudagur 21. desember
Camerarctica í Árbæjark. kl. 21.
Föstudagur 22. desember
Camerarctica í Dómkirkjunni kl. 21.

LEIKLIST

Þjóðleikhúsið: Þrek og tár. 29.
des. Kardemommubærinn fim. 28.
des. Don Juan frums. 26. des. Gler-
brot 5. jan.
Borgarleikhúsið: Lína Langsokkur
lau. 30. des. BarPar fös. 29. des.
Hádegisleikhús lau. 16. des á Leyni-
barnum. Hvað dreyndi þig Valentína?
fös. 29. des. Íslenska maffian frums.
28. des. Við borgum ekki, við borgum
ekki fös. 29. des.
Hafnarfjarðarleikhúsið: Himnaríki,
fös. 29. des.
Kaffleikhúsið: Hjartastaður Stein-
unnar sun. 17. des.
Stand-up, lau. 16. des.
Sólun Íslandus: Erðuleikhús Hall-
veigar Thorlacius laug. 16. des. og
sun. kl. 14.30.
Loftkastalinn: Rocky Horror. 28.
des.

KVIKMYNDIR

MÍR
„Óróleg æska“ sun. kl. 16.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Börn í aðal- hlutverki

Á JÓLATÓNLEIKUM Sinfóníu-
hljómsveitar Íslands í dag kl. 14.30
koma fram Gradualekór Langholts-
kirkju, Kór Óldutúnsskóla, Skólakór
Garðabæjar og Skólakór Kársness.

Einleikari á tónleikunum er
Ástríður A. Sigurðardóttir og ein-
söngvarar Árný Ingvarsdóttir, Guð-
rún Árný Karlsdóttir, María Mar-
teinsdóttir og Rúrik Fannar Jóns-
son.

Kynnir og sögumaður er Lovísa
Árnadóttir úr Gradualekór Lang-
holtskirkju og hljómsveitarstjóri
Bernharður Wilkinson.

Meðfylgjandi mynd, sem tekin
var á æfingu, sýnir nokkra hljóð-
færaleikara Sinfóníuhljómsveitar
Íslands ásamt hluta kórsöngvar-
anna ungu.




Pallíettur og píanó á Sólun

SÖNGHÓPURINN Pallíettur og
píanó heldur tónleika á efri hæð
veitingahússins Sóluns Íslandus
sunnudaginn 17. desember kl. 20.

Pallíetturarnar þrjár eru Anna
Hinriksdóttir, Elísabet Vala Guð-
mundsdóttir og Kristín Erna
Blöndal, við píanóið situr Bryn-
hildur Ásgeirsdóttir.

„Á tónleikunum verður þó ekk-
ert sem minnir á klassíska kór-
tónlist, heldur er á efnisskránni
klassísk dægurtónlist frá milli-
stríðsárunum fram á sjöunda
áratuginn. Má þar nefna lög eftir
George & Ira Gershwin, Henri
Mancini, Irving Berlin og Duke
Ellington. Einnig verður fetað í
fótspor listamanna á borð við
Ellu Fitzgerald,“ segir í kyn-
ningu.



Sýningu Ásgerðar að ljúka

Það líður að lokum sýningar
Ásgerðar Búadóttur í Ingólfs-
stræti 8. Ásgerður er löngu
landskunn fyrir vefnað sinn og
er þessi sýning sem er hennar
11. einkasýning sérstaklega unn-
in fyrir Ingólfsstræti 8.
Í kynningu segir: „Sýningin hef-
ur hvarvetna verið lofuð. Þögn
fortíðarinnar gengur aftur, í
hreint ortum stökum þar sem
formvísi Ásgerðar og knappt
myndmál hennar hefur kannski
aldrei notið sín jafnvel. Hljóðlát-
ur efniviðurinn sem hún hefur
haldið tryggð við um áratuga-
skeið fyllir rýmið af æðaslætti
og hjartslætti þagnarinnar.“

Síðasti opunardagur er föstu-
dagurinn 22. desember. Ingólfs-
stræti 8 er opið alla daga frá
14-18 nema mánudaga, þá er lok-
að.

Heldur refurinn áfram að vera veiðimaður?



Herta Müller

Óvenjuleg skáldsaga frá síðustu dögum

einræðisins í Rúmeníu. Engin sagnfræði getur
miðlað því sem þessi skáldsaga gerir.

Herta Müller, sem hefur sópað til sín bókmennta-
verðlaunum, sameinar myndræna framsetningu
og rytmiskan prósa í einstæðri umfjöllun um
einræðisvald.

Efnistöð höfundar minna oft á vinnubrögð

Franz Kafka.

Franz Gíslason íslenskaði

ORMSTUNGA
BÓKAÚTGAFA

Tónleikar skól- alúðrasveita

SKÓLALÚÐRASVEITIR í Reykja-
vík halda jólatónleika í Ráðhúsi
Reykjavíkurborgar sunnudaginn
17. desember kl. 14.30. Þetta er í
fjórða skipti á árinu sem lúðrasveit-
irnar halda sameiginlega tónleika,
en tilefnið er 40 ára afmæli skólal-
úðrasveita Reykjavíkur.

Að þessu sinni skipa lúðrasveit-
ina u.þ.b. áttatíu hljóðfæraleikarar,
sem eru eldri nemendur úr þremur
sveitum; Lúðrasveit Árbæjar og
Breiðholts, Lúðrasveit Laugarnes-
skóla og Lúðrasveit Vesturbæjar.

Á tónleikunum verða leikin jóla-
lög, einnig nokkur lög eftir Bítlanu
og fleira.

Rithöfundar í Há- degisleikhúsinu

Í DAG lesa fjórir rithöfundar úr
verkum sínum. Þau eru Friðrik
Erlingsson, Steinun Sigurðardóttir,
Súsanna Svavarsdóttir og Kristín
Ómarsdóttir. Létt jólatónlist verður
framreidd af Óskari Einarssyni á
milli lestra.

Hádegisleikhúsið er staðsett á
Leynibarnum í kjallara Borgarleik-
hússins og hefst kl. 12.30 og stend-
ur til 13.30.

Tónleikar í Nor- ræna húsinu

JÓLATÓNLEIKAR almenningar
deildar Tónskóla Sigursveins D.
Kristinssonar verða í Norræna hú-
sinu í dag, laugardag, og hefst kl.
16. Á tónleikunum koma fram nem-
endur í einleik og samleik og flytja
fjölbreytta efnisskrá þ.á m. verk
eftir Bach, Mozart, Tartini, Haydn,
Vivaldi og Tsjajkovskíj. Allir eru
velkomnir á tónleikana.

Myndlistarsýn- ing í Ólafsvík

RÍKEY Ingimundardóttir mynd-
höggvari opnar sýningu í gistiheim-
ili Ólafsvíkur í dag laugardag kl. 16.

Verður sýningin aðeins opin í tvo
daga, í dag frá kl. 16 til 22 og á
morgun frá kl. 14-22.

Sýningin er fjölbreytt og allir eru
velkomnir.

Upplestur í Gerðarsafni

UPPLESTUR verður í Gerðarsafni,
Kópavogi, í dag, laugardag, kl. 15.

Ljóðskáldin Agústína Jónsdóttir,
Birgir Svan, Einar Ólafsson, Hrafn
Harðarson og Þórður Helgason lesa
úr nýutkomnum bókum sínum.

